



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Jón Bjarni Jónsson  
Reykjavíkurvegur 24  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 5. júlí 2019  
Mf201907-0003 / 6.06 / 5558

### Reykjavíkurvegur 24 Hafnarfirði - viðbygging

Í tölvupósti dags. 29. júní 2019 leitar Jón Bjarni Jónsson eftir álti Minjastofnunar Íslands vegna Reykjavíkurvegar 24. Með erindinu fylgja eldri uppdrættir sem sýna tillögur að stækkan, annars vegar eftir Magnús K. Sigurjónsson, dagsettir 7.3.1980 og hins vegar eftir Al-Hönnun, dagsettir 17.07.2017. Sótt er um leyfi til að reisa viðbyggingu til suðausturs, við bakhlið hússins.

Reykjavíkurvegur 24 er bárujárnsklætt timburhús, hæð, kjallari og ris. Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands er það byggt árið 1924. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

*Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að húsið verði stækkað til suðausturs, en breytingin hefur ekki áhrif á ásýnd hússins frá götu. Mælt með því að teikningum Magnúsar Sigurjónssonar frá árinu 1980 verði fylgt varðandi gluggasetningu frekar en hinum nýrri uppdráttum. Æskilegt er að samskeyti viðbyggingsar við norð-austurgafl hússins verði endurskoðuð til þess að gafl hússins verði ekki afmyndaður við breytinguna. Auk þess mælir Minjastofnun með að útfærsla svala og handriða verði endurskoðuð til samræmis við aldur og gerð hússins.*

Frágangur ytri klæðningar, glugga, þakbrúna, dyra og svala skal taka mið af upphaflegum stíl hússins og einkennandi deililausnum bárujárnsklæddra timburhúsa frá sama tíma, og samkvæmt því er eðlilegt að setja ramma í alla glugga. Hafa skal til hliðsjónar leiðbeiningarit Húsafríðunarnefndar um tréglugga og útveggjaklæðningar sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is).

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stlöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Guðny Góður Gunnarsdóttir  
sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs



Maria Gísladóttir  
María Gísladóttir  
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti:

Jón Bjarni Jónsson ([bjb@mfh.is](mailto:bjb@mfh.is))  
Gunnþóra Guðmundsdóttir ([gunnthora@hafnarfjordur.is](mailto:gunnthora@hafnarfjordur.is))  
Byggðasafn Hafnarfjarðar ([bp@hafnarfjordur.is](mailto:bp@hafnarfjordur.is))

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.